

SOS BLAÐIÐ

desember | 2024

 SOS
BARNAPORPIN

Get ég treyst því að framlagið
mitt skili sér?

Hvað fer mikið í rekstrarkostnað?

Bls. 3

Upplifði félagslega útskúfun
vegna fátæktar

Sneri blaðinu við í íslenskrri
fjölskylduefingu

Bls. 5

Bls. 4

Hjartnæmir endurfundir Sonam og Ingibjargar

Heimsótti fyrrverandi SOS foreldri sitt
á Íslandi í sinni fyrstu utanlandsferð

Bls. 2

Staurblankur hermaður vildi gera
eitthvað varanlegt fyrir börnin

SOS Barnaþorpin 75 ára





Hermann Gmeiner ásamt SOS móður og börnum hennar árið 1968.

Staurblankur hermaður vildi gera eitthvað varanlegt fyrir börnin

SOS Barnaþorpin 75 ára

Einu sinni var ungur drengur í austurrísku Ölpunum sem hét Hermann Gmeiner. Móðir hans var látin og elsta systir hans gekk honum í móðurstað. Hermann gekk vel í skóla og hann ákvað að hefja nám í læknisfræði. En svo skall síðari heimsstyrjöldin á. Hermann fór í herinn og var sendur til Sovétríkjanna. Þar kynntist hann hörmungum stríðsins og við stríðslok blasti við mikill fjöldi munaðarlausra barna. Neyð þeirra fór ekki framhjá Hermann.

Hann átti sér þann draum að gera eitthvað varanlegt fyrir þessi börn. Sjálfur var hann staurblankur en með aðstoð góðra manna sem höfðu trú á hugmyndum hans stofnaði hann samtökin SOS Barnaþorpin árið 1949 og sama ár hófust framkvæmdir við fyrsta SOS barnaþorpið í lmst í Austurríki. Fjöldi fólks var tilbúinn að gefa einn skilding á mánuði svo draumurinn um móður og góð heimili fyrir umkomulaus börn gæti orðið að veruleika. Hermann lagði mikla áherslu á móðurina. Hann hafði jú sjálfur misst móður sína ungur að árum og vissi hve mikilvæg móðirin er í uppvexti barna.

Yfir 4 milljónir barna hafa alist upp í SOS barnaþorpum

Á þessu ári eru 105 ár frá fæðingu Hermanns sem lést árið 1986. Verk þessa góða manns tala svo sannarlega sínu máli. Frá því að hann setti SOS Barnaþorpin á laggirnar fyrir 75 árum hafa á sjötta hundrað barnaþorpa risið í yfir 130 löndum og samtökin útvegað yfir fjórum milljónum umkomulausra barna gott heimili og fjölskyldu. Börn þeirra og barnabörn hafa notið góðs af og samkvæmt skýrslu

sem gerð var í tilefni af 70 ára afmæli SOS árið 2019 hefur starf samtakanna þannig með beinum og óbeinum hætti haft **jákvæð áhrif á 13 milljónir einstaklinga**. Börnum og ungmennum er forðað frá fátækt og ofbeldi, þau fá gæðamenntun, eiga möguleika á góðri vinnu og búa við jafnrétti.

Í dag eiga **69.000** umkomulaus börn og ungmenni fjölskyldu og gott heimili í 533 SOS barnaþorpum og í annarri umönnun á vegum samtakanna. Auk þeirra njóta yfir þrjár milljónir manna annars stuðnings samtakanna í gegnum ýmis umbóta-, þróunar og mannúðarverkefni í þágu velferðar barna og ungmenna.

SOS á Íslandi í 35 ár

84.500
Íslendingar

hafa styrkt
SOS
Barnaþorpin
frá 1989

TAKK



Mikill áhugi kviknaði meðal Íslendinga á níunda áratugnum á að styðja við starf samtakanna, m.a. í kjölfar reglulegrar umfjöllunar í erlendum tímaritum sem bárust hingað til lands. Margir Íslendingar byrjuðu að styrkja samtökin í gegnum SOS í Danmörku en það var einmitt fyrir tilstuðlan Dana að starfsemi SOS Barnaþorpanna hófst á Íslandi árið 1989.

Er öruggt að framlögin skili sér til barnanna?

Fara þau ekki bara í rekstrarkostnað?



Fólk gefur framlög til góðgerðarmála í góðri trú um að þau skili sér raunverulega til þeirra sem á þurfa að halda. Þess vegna er eðlilegt að við fáum reglulega svona spurningar eins og eru í fyrirsögnunum hér að ofan. Traust

og trúverðugleiki eru meðal þess mikilvægasta í starfi hjálparsamtaka. SOS Barnaþorpin hafa starfað í 75 ár og eru meðal virtustu hjálparsamtaka í heimi.

SOS Barnaþorpin leggja mikið upp úr gagnsæi í fjármálum og kappkosta að upplýsa styrktaraðila um alla þætti starfsins, þ.m.t. hvernig framlögum þeirra er ráðstafað og hve stór hluti þeirra fer í rekstrarkostnað. Ársreikningur er gerður í samræmi við lög og endurskoðandi samtakanna hér á landi er Deloitte. Á vefsíðu okkar er ársreikningur birtur og höfum við gert slíkt til margra ára í því skyni að tryggja eftirlit og gagnsæi.

Hvaða leið fer fjármagnið?



Þegar styrktaraðili á Íslandi gefur vilyrði fyrir styrk er framlagið merkt viðkomandi styrktarbarni, barnaþorpi eða verkefni. Þegar fjármagnið er komið á banka-reikning SOS á Íslandi er það millifært til alþjóðaskrifstofu SOS

Barnaþorpanna í Austurríki innan sex mánaða.



Heildartekjur SOS Barnaþorpanna á Íslandi árið 2023 voru 799,9 milljónir króna og af þeirri upphæð námu framlög einstaklinga og lögaðila 624,6 milljónum. Af heildartekjum var hlutfall skrifstofu- og stjórnunarkostnaðar 15,7%. Það er hlutfall rekstrarkostnaðar, þjónustu við styrktaraðila og fjáröflunar. Til einföldunar þá þýðir þessi tala að á árinu 2023 fóru 843 krónur af hverju íslensku eitt þúsund króna framlagi úr landi og í sjálft hjálparstarfið. Þessar 843 krónur nýtast á vettvangi í allt sem verkefnum okkar viðkemur, allt frá framfærslu barnanna og upp í endurskoðun reikninga viðkomandi aðildarlands samtakanna.

Er hættu á spillingu?




Stutta og heiðarlega svarið er já þó hættan sé verulega lítil. Þrátt fyrir gagnsæi og ferla verður hættu á misferli ekki útrýmt. En regluverk samtakanna er mjög strangt og verður sífellt hertara til að uppfylla alþjóðlega staðla sem samtökin undirgangast. Við störfum m.a. í

löndum þar sem spilling er hluti af efnahagskerfinu og jafnvel menningunni. En tækniframfarir hafa gert okkur kleift að rekja framlögin betur en áður, í hvert barnaþorp og til hvers barns. Enginn afsláttur er gefinn af eftirliti og nú í nóvember 2024 var t.a.m. framkvæmd ítarleg úttekt á starfsemi SOS á Íslandi af innra eftirliti alþjóðasamtakanna. Í síðareglum SOS Barnaþorpanna er skýrt tekið fram að spilling verður aldrei liðin innan samtakanna.

 **SOS BARNAPORPIN**

Hamraborg 1
200 Kópavogi
S: 564 2910
sos@sos.is
sos.is

SOS - BLAÐIÐ
30. árgangur - desember 2024.

Útgefandi: SOS Barnaþorpin á Íslandi.
Ritstjóri: Hans Steinar Bjarnason.
Ábyrgðarmaður: Ragnar Schram.
Prófarkalestur: Ragnar Ingi Aðalsteinsson.
Umbrot og prentun: Prentmet Oddi.
Svansvottuð prentun 

Hjartnæmir endurfundir Sonam og Ingibjargar

Víðtal og myndir: Haris Steinar Bjarnason

Ímyndaðu þér hamingjutilfinninguna sem færi um þig ef þú heyrðir að stuðningur þinn hefði ekki aðeins breytt framtíð eins barns til hins betra heldur fjölskyldu barnsins líka. Ímyndaðu þér svo hvernig væri að hitta „barnið“ mörgum árum síðar. Ingibjörg Steingrímisdóttir í Kópavogi þekkir þessar tilfinningar eftir hjartnæma endurfundi hennar og Sonam Gangsang í haust.

Sonam ólst að stórum hluta upp í SOS barnaþorpi fyrir börn landflótta Tíbetbúa á Indlandi. Ingibjörg gerðist SOS foreldri hinnar sex ára Sonam árið 1989 og styrkti stúlkuna síðar aukalega til framhaldsnáms. Sonam hefur fyrir vikið náð langt í lífinu og starfar í menntamálaráðuneyti tibetsku ríkisstjórnarinnar í útlegð í Dharamshala á Indlandi. Þar er hún samhæfingastjóri lestrarkennslu yngstu barnanna í 45 skólum fyrir tibetsk börn á Indlandi og í Nepal. Það sem hófst með litlum stuðningi Ingibjargar hefur ekki bara skilað Sonam alla þessa leið heldur gat Sonam líka aðstoðað systur sínar til náms og veitt fátækum foreldrum sínum betra líf.

Eftir reglulegar bréfaskriftir milli þeirra á árum áður náði Ingibjörg að heimsækja Sonam árið 2008 og nú 16 árum síðar endurgalt Sonam þá heimsókn þegar hún kom til Íslands í sinni fyrstu utanlandsferð í ágúst. „Þetta var dásamleg heimsókn. Svona tækifæri gefst mér bara einu sinni á ævinni,“ segir Sonam sem fannst sérstaklega merkilegt að koma inn á heimili Ingibjargar eftir allan þennan tíma.

„Ég var mjög spennt fyrir því að hitta Ingibjörgu en um leið dálítið taugaóstyrk því við vorum að hittast í fyrsta sinn í mjög langan tíma. Þetta var mjög tilfinningaþrungin stund fyrir mig. Það gladdi mig að sjá hana svona ánægða. Ég var líka svo ánægð með að sonur hennar og barnabörn voru hjá henni þennan dag,“ segir Sonam sem fékk meira út úr heimsókninni en hún þorði að vona.

Endurvakti líka gömul kynni við pennavinkonu

Sonam vissi ekki að hún væri um það bil að endurvekja gömul kynni við Rakel Tönju, barnabarn Ingibjargar, en þær skrifuðust stuttlega á þegar þær voru að komast á unglingsaldurinn fyrir rúmum 25 árum. Svo fór að fjölskyldur Rakelar og Sonam náðu að verja dýrmætum tíma saman meðan á Íslandsdvölinni stóð og úr varð nánari vinátta sem þær ætla að rækta. „Það var óvænt ánægja og samverustundirnar sköpuðu dýrmætari hamingjuminningar fyrir okkur.“

„Ég trúði aldrei að við myndum nokkurn tímann hittast“

Rakel Tanja er líka himinlifandi með að fá Sonam aftur inn í líf sitt. „Sniglapóstur fyrir 25 árum hægði á okkar samskiptum. Ég trúði aldrei að við myndum nokkurn tímann hittast, hvað þá hér á Íslandi. Það er draumur okkar að fara út og heimsækja barnaþorpið hennar og mín SOS styrktarbörn. Ég styrki líka tibetsk börn á Indlandi,“ sagði Rakel Tanja á viðburði með SOS foreldrum á Íslandi í tilefni af heimsókn Sonam. Þar sat Sonam fyrir svörum og sagði frá uppvaxtarárum sínum í SOS barnaþorpinu.

Grét af þakklæti – „Leið eins og stjórn“

Tugir SOS foreldra á Íslandi sóttu viðburðinn og það hreyfði mjög svo við Sonam að hitta allt þetta fólk sem hafði áhuga á sögu hennar. Mjög svo reyndar að hún brast í grát þegar hún þakkaði fyrir sig.

„Það gladdi mig svo að sjá viðbrögðin, þetta varð eitthvað svo yfirþyrmandi upplifun. Mér leið eins og stjórn þennan dag, margir komu að máli við mig og tóku myndir af sér með mér. Þetta var svo björt og hamingjurík stund fyrir mig,“ segir Sonam sem vonast til að heimsókn sín til Íslands verði til þess að fleiri Íslendingar gerist SOS foreldrar.



Sonam ásamt velgjörðasendiherrum SOS, Elizu Reid og Evu Ruzu. Eva stýrði viðburðinum sem hægt er að horfa á með íslenskum texta í fréttafærslu á [sos.is](https://www.sos.is)



SOS Barnaþorpin þakka eftirtöldum fyrirtækjum fyrir að gera heimsókn Sonam til Íslands mögulega.

DOHOP

ODDSSON
HOTEL

ICELANDIA

66
NORTH



Zemzem upplifði félagslega útskúfun vegna sárafatæktar en sneri blaðinu við í íslenskri fjölskylduefningu

Að hætta að líta á sig sem menneskju vegna fátæktar

Zemzem var aðeins 16 ára þegar hún giftist og er í dag fjögurra barna móðir í bænum Iteya í Eþíópíu. Hún varð barnshafandi þegar hún var í tíunda bekk og neyddist til að hætta í skóla. Tekjur eiginmannsins dugðu engan veginn fyrir grunnþörfum fjölskyldunnar og hjónin reyndu að afla aukatekna en þær dugðu skammt.

Zemzem ákvað því eins og margir í hennar stöðu að reyna fyrir sér í farandverkavinnu í arabalöndum en þegar þangað var komið stóðst hún ekki lækni- og fólksþjálfun þar af leiðandi ekki atvinnuleyfi. Hún sneri þá aftur heim til Iteya þar sem við tók áframhaldandi líf í sárafatækt en það var ekki eina áskorunin sem mætti henni. Zemzem segist aldrei gleyma þeirri sáru tilfinningu að upplifa útskúfun í samfélaginu vegna fátæktar sinnar.

„Til þess eins að geta lifað af vorum við háð fjölskyldu eiginmanns míns. Við vorum byrðir á öðrum og misstum félagslega viðurkenningu í samfélaginu,“ sagði Zemzem og við þessi orð varð greinarhöfundur hugsað til samtals sem hann átti við Artúr, framkvæmdastjóra SOS Barnaþorpans í Ngabu í Malaví. SOS Barnaþorpin á Íslandi eru þar í bæjarfélaginu með fjölskylduefningu þar sem barnafjölskyldur í sárafatækt fá betra líf.

„Þegar þú lifir í sárafatækt, hættir fólk að líta á þig sem menneskju. Að lokum hættirðu sjálfur að líta á þig sem menneskju,“ sagði Artúr.

Fátækir geta sparað

Slæm staða Zemzem varð til þess að hún var valin í hóp þátttakenda í fjölskylduefningu SOS árið 2018 sem fjármögnuð er með stuðningi Íslendinga. Þessi verkefni felast í því að barnafjölskyldur í sárafatækt fylgja langtímaáætlun sem miðar að því að foreldrarir standa að lokum á eigin fótum og geta séð fyrir börnum sínum. Þá fóru hjólin loks að snúast hjá Zemzem. Til að byrja með varð hún meðlimur í sparnaðar- og lánahópi sem veitti henni aðgang að lágvaxta láni til að opna litla verslun.

„Ég rek litla sjoppu fyrir framan heimilið mitt og rækta lítinn landskika hér skammt frá. Maðurinn minn hafði í fyrstu enga trú á sjoppurekstrinum en snerist svo hugur,“

segir Zemzem sem hlaut þjálfun í gerð fjárhagsáætlana og sótti ýmis fleiri námskeið.

„Börnin mín fengu líka styrk fyrir námsgögnum og skólagöngu þar til ég útskrifaðist úr verkefninu,“ sagði Zemzem sem í dag á nóg fyrir sig og sína og getur loks sent öll börnin sín í skóla. Hún sér fyrir sér að geta komið börnunum sínum alla leið í háskóla og hefur auk þess sjálf tekið upp þráðinn í sínu námi þar sem frá var horfið.

Zemzem er frábær sönnun þess að fátækir geta sparað eins og lagt er upp með í fjölskylduefningunni. Hún á sparnað bæði fyrir sig og börnin, hefur tekið af landbúnaði og alifuglum og er að byggja annað húsnæði sem hún hyggst hafa leigutekjur af. „Áður en ég gekk inn í fjölskylduefninguna var ég í hræðilegri stöðu en síðan hefur orðið stórkostleg breyting á högum okkar.“

360 barnafjölskyldur útskrifuðust

Þessari fjölskylduefningu okkar lauk um sl. áramót með þeim góða árangri að 360 barnafjölskyldur losnuðu úr viðjum sárafatæktar og standa nú á eigin fótum. Nýtt verkefni er hafið í Arba Minch í sunnanverðri Eþíópíu og tvö önnur verkefni eru vel á veg komin í Malaví og Rúanda. Þá er nýtt verkefni á lokametrum undirbúnings í Úganda.



Zemzem ásamt eiginmanni og börnum.



Stjórnarráð Íslands
Utanríkisráðuneytið



Fjölskylduefning sem fjármögnuð er af SOS Barnaþorpunum á Íslandi er hluti af opinberri þróunaraðstoð Íslands í rammasamningi SOS og Utanríkisráðuneytisins. Framlög SOS fjölskylduvina fara líka í fjármögnun sömu verkefna.

Tilfinningaleg tengsl

foreldra við börn
geta breytt öllu

Sem barn, þarftu á einhverjum að halda sem er ekki sama um þig - einhverjum sem stendur með þér skilyrðislaust. Þó er það þannig í dag að **eitt af hverjum tíu** börnum og ungmennum eru aðskilin frá fjölskyldum sínum, yfirgefin, vanrækt eða búa við ofbeldi. Þau alast upp án þess stuðnings sem þau þurfa til að leggja grunn að fullorðinsárunum.

Þetta gerist í öllum löndum, hjá ríkum og fátækum - í öllum borgum og öllum samfélögum. Afleiðingarnar eru oft varanlegar og úr verður skaðlegur vítahringur sem endurtekur sig milli kynslóða.

Starf okkar snýst um að breyta þessu.

69.000



69.000 börn og ungmenni eru á framfæri SOS

107



Íslendingar styrkja börn í 107 löndum

8.700



Yfir 8.700 börn og ungmenni eiga SOS foreldra á Íslandi

10.600



Yfir 10.600 Íslendingar styrkja starf SOS með mánaðarlegu framlagi

843



843 krónur af hverju 1.000 króna framlagi renna í sjálft hjálparstarfið

541.000



541.000 börn, ungmenni og foreldrar þeirra í sárafátækt fá betra líf í fjölskylduefningu SOS



**SOS
BARNAPORPIN**
sos.is

Styrktarleiðirnar

Flest fólk vill láta gott af sér leiða og eðlilega er misjafnt hvaða fjárhæðir henta fólki sem gefur til góðgerðarmála. Styrktarleiðir SOS Barnaþorpanna á Íslandi ættu að höfða til flestra.



SOS foreldri

Þessa styrktarleið þekkja flestir. Sem SOS-foreldri styrkirðu barn með mánaðarlegu framlagi sem nemur 4.500 krónum. Þannig tekurðu þátt í að framfleyta barni sem áður var umkomulaust og tryggir því fjölskyldu á góðu heimili auk menntunar. Þú færð reglulega fréttir og myndir af SOS-barninu þínu. Þegar þú velur að styrkja öll börnin í einu SOS barnaþorpi fer framlag þitt í rekstur eins tiltekins barnaþorps svo tryggja megi öryggi og velferð þeirra barna sem þar búa. Þú færð tvö bréf á ári með myndum og fréttum úr þorpinu.



SOS fjölskylduvinnur

Þetta er tilvalin styrktarleið fyrir þá sem vilja láta gott af sér leiða fyrir lægri fjárhæðir, eða allt frá 1.500 krónum á mánuði. Framlögum fjölskylduvinna er varið í fjölskylduefingu SOS þar sem við tökum fyrstu skrefin með barnafjölskyldum út úr sárafátækt. Okkar verkefni eru í Eþíópíu, Malaví og Rúanda. Fjölskylduvinnur fá tvö fréttabréf á ári í tölvupósti með fréttum og sögum úr okkar verkefnum.



Stakt framlag

Þú getur styrkt starf SOS Barnaþorpanna með stökum framlögum þegar þér hentar. Þannig tekur þú þátt í að skapa þann fjárhagslega grunn sem gerir samtökunum kleift að sinna uppbyggingu og halda úti umbótaverkefnum víða um heim - allt í þágu barna. Mjög algengt er að fólk styrki SOS á þennan hátt með því að greiða valkröfur í heimabanka.



SOS neyðarvinur

Sem neyðarvinur styrkir þú neyðaraðgerðir SOS fyrir börn og fjölskyldur þeirra á stríðshráðum og á öðrum hamfarasvæðum með stöku eða mánaðarlegu framlagi að eigin vali.

Neyðaraðgerðir sem SOS á Íslandi fjármagnar núna eru í Palestínu, Líbanon, Úkraínu og Súdan.



Erfðagjafir

Erfðagjafir hafa gert samtökunum kleift að styðja við fleiri umkomulaus eða bágstödd börn en ella. Sá sem gefur erfðagjöf tekur sjálfur ákvörðun um ráðstöfun eigna sinna eftir sinn dag í stað þess að eftirláta öðrum þá ákvörðun. Ítarlegar upplýsingar um erfðagjafir má finna á sos.is.

SOS foreldri barna á Gaza



Með þessari leið styrkir þú sérstaklega SOS barnaþorpið í Rafah á Gaza í Palestínu með 4.500 króna framlagi á mánuði. Líkt og með hinum hefðbundna stuðningi SOS foreldra við barnaþorp fer þetta framlag í að tryggja öryggi og velferð þeirra barna sem eru á framfæri barnaþorpsins og fer þeim ört fjölgandi.



Félagsleg arðsemi framlaga til SOS Barnaþorpanna

*Félagsleg arðsemi af starfi SOS Barnaþorpanna er að meðaltali 4,5-föld. Það þýðir að hvert 1.000 króna framlag skilar á endanum 4.500 krónum til samfélagsins. Félagsleg arðsemi af framlögum SOS-fjölskylduvinna er að jafnaði 20-föld og því má segja að hvert 1.500 króna framlag verði að 30.000 krónum. Manneskja sem stendur á eigin fótum á fullorðinsárum og hlotið hefur menntun, hefur meira milli handanna og skilar því meirur til samfélagsins en ella.

*Niðurstaða rannsóknar sem birt er í 75 ára afmællisskýrslu SOS Barnaþorpanna og er byggð á úttekt í 18 löndum. Samanburður á kostnaði af starfsemi samtakanna og þeim ávinningi sem af henni hlýst.

Mörg börn eiga **engan** að

Vertu SOS-foreldri

Neyð **barna** í
heiminum hefur
sjaldan verið meiri

– sos.is



SOS
BARNAPORPIN

